



**Stjórnarfundur haldinn 30. apríl 2003 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Bjarney og Guðjón.**

**1. Fundargerð síðasta fundar og formannafundar lá frammi.**

Engar athugasemdir.

**2. Innkomin bréf.**

Bréf frá umhverfisnefnd UMFÍ verkefnið fjölskyldan á fjallið og ár vatnsins.  
Bréf frá UMFÍ v/boðunar á Samráðsfund UMFÍ 17.-18. maí á Reyðarfirði.  
Ákveðið að senda fulltrúa.

**3. Send bréf.**

Bréf til bæjarráðs RNB v/bílastæðamála við Hringbraut 108 félagsheimili Keflavíkur.

Bréf til UMFÍ v/keppnisgreina á unglingalandsmóti 2003.

**4. Staða fjármála.**

Húsbréf frá sölu á fasteignum félagsins hafa verið seld með ágætum hagnaði og ákveðið að leggja fjármunina inná bundinn langtíma reikning.

**5. Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ.**

Keflavík íþróttá- og ungmennafélag er fyrsta félagið á landinu til að fá viðurkenningu frá ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag, en þrjár deildir innan félagsins hafa hlotið gæðarviðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndardeild en þær eru Fimleikar, Badminton og Sund.

**6. Samningar við MÍT**

Framkvæmdastjóri sagði frá undirritun á samningum varðandi Íþróttá- og leikjaskóla og 17. júní.

**7. Íþróttá- og leikjaskóli Keflavíkur '03.**

Framkvæmdastjóri sagði frá að þrír væru búnir að sækja um vinnu við leikjaskólann og verið er að skoða umsækjendur. Ákveðið að gjaldið verði 5000 krónur fyrir námskeiðið.

**8. 17. júní '03**

Fundur var haldinn í nefndinni 29. apríl og farið yfir fyrirhugaða dagskrá. Hugmyndir nefndarinnar kynntar stjórnarmönnum.



## **9. Önnur mál**

Umræður um leigu á sal félagsins ákveðið að framkvæmdastjóri sjá um hverja útleigu fyrir sig.

Meistaraflokkur karla í körfuknattleik urðu Íslandsmeistarar er þeir lögðu Grindarvík þrjú núll. Aðalstjórn óskar þeim innilega til hamingju með þennan árangur og jafnframt þakka fyrir gott boð til aðalstjórnar á lokahóf deildarinnar.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:50.